



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðuneytið
b.t. Guðrúnar Hafsteinsdóttur, dómsmálaráðherra

Reykjavík, 13. maí 2024

Efni: Ítrekun erindis

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 31. janúar sl. vegna ákvæðis almennra hegningarlaga um nauðgun og þörf á endurskoðun.

Með erindinu færði embættið rök fyrir því að tilefni væri til þess að endurskoða íslensk hegningarlög og gera þar greinarmun á börnum og fullorðnum hvað varðar samþykki fyrir kynmökum. Að mati umboðsmanns er nauðsynlegt að gera slíkar breytingar til samræmis við það sem gildir á öðrum Norðurlöndum og víða í Evrópu, þar sem sérstaklega er fjallað um lágmarksaldur samþykkis með tilliti til nauðgunarhugtaksins.

Umboðsmaður barna óskaði þess í bréfinu að embættinu yrði haldið upplýstu um framhald málsins og viðbrögðum ráðuneytisins við erindinu. Ítrekar embættið góðfúslega þá ósk. Hafi ekki verið brugðist við erindinu með sérstökum hætti óskar umboðsmaður þess engu að síður að fá upplýsingar um það.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna